

SOS

Fréttablað 1. tölublað. 21. árgangur 2015

BARNAPORPIN



SOS
BARNAPORPIN
Öll börn vilja gott heimili



Leikskólabörn spjalla á Skype

Börnin á leikskólanum Ösp í Breiðholti og SOS leikskólanum í Arusha í Tansaníu spjölluðu saman í gegnum Skype einn fimmtudagsmorguninn í febrúar. Leikskólinn Ösp er SOS Sólblómaleikskóli og er styrktarforeldri fimm ára stúlku sem heitir Gloria og býr í SOS Barnaþorpinu í Arusha en hún var að sjálfsgöðu á Skype fundinum. Leikskólarnir hafa haldið sambandi síðan Ösp gerðist Sólblómaleikskóli og mikil gleði var við völd þegar börnin gátu loksins talað saman með hjálp tækninnar en fundurinn fór fram á ensku.

Á fundinum var sungið og spjallað ásamt því að hvert barn kynnti sig með nafni. Börnin í Arusha voru staðsett úti í 30 stiga hita og vakti það mikla lukku þegar íslensku börnin sýndu þeim snjókomuna út um gluggann.

SOS Barnaþorpin á Íslandi bjóða öllum leikskólum landsins að gerast Sólblómaleikskólar. Um er að ræða verkefni sem byggir á norskrri fyrirmynd þar sem leikskólabörn fræðast um börn í öðrum löndum ásamt því að leggja sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað.

Sólblómaleikskólar styrkja annað hvort eitt ákveðið barn í SOS Barnaþorpi eða styðja við samtökin á annan hátt, til dæmis með söfnun einu sinni á ári sem kallast Sólblómagleði. Þá fá Sólblómaleikskólar fjölbreytt fræðsluefni frá SOS Barnaþorpinum.

Frá framkvæmdastjóra

Nú ert þú einstæð móðir í Sómalíu

Það er föstudagskvöld. Úti er ein af þessum fjölmörgu lögðum sem virðast hreinlega sogast að litla landinu okkar. Þú sest niður með fjölskyldunni fyrir framan stóra flotta háskerpusjónvarpið ykkar og saman snæðið þið ljúffenga pizzu. Þið hlæið saman yfir Útsvari og annað slagið heyrir úr sófanum „Sko, ég vissi það!“. Fjölskyldan nýtur lífsins, lætur fara vel um sig í hlýju og skjólgóðu húsnæðinu. Svo ferð þú að sofa.

Um morguninn þegar þú vaknar ertu skyndilega orðin þeldökk kona í Sómalíu. Þú ert einstæð móðir. Þú átt fjögur börn og ert nýbúin að missa manninn þinn. Þú býrð í litlu herbergi með börnunum og sérð fram á enn harðari lífsbaráttu en áður.

Svo veikistu og getur ekki framfleytt börnunum þínum. Þau fá ekki mat hjá þér og sækja ekki skóla. Heilsa þín fer stöðugt versnandi og þú finnur að dauðinn knýr dyra. Hvorki nágrannarnir né ættingjar geta tekið að sér börnin þín.

Hvað gerir þú þá? Ímyndaðu þér að þú værir í þessari stöðu. Í alvöru. Ímyndaðu þér það.

Einn möguleikinn er sá að þú segir börnunum að fara út á götuna og bjarga sér. Betla.

Útvega sér mat, hvernig sem þau fara að því.

En svo manstu eftir SOS. Samtökunum sem í yfir 60 ár hafa sérhæft sig í að búa munaðarlausum og yfirgefnum börnum góð

heimili. Þar sem börnin fá umönnun kærleiksríkrar SOS móður, nægan mat, föt til skiptanna, mjúkt rúm, menntun og margt fleira sem stuðlar að heilbrigði og góðri æsku.

SOS Barnaþorpin eru ekki fullkomin frekar en nokkur önnur samtök. En ef ég á að segja fyrir mitt leyti, eftir að hafa kynnst starfsemi þeirra nokkuð vel, gist nokkrar nætur í barnaþorpi, kynnt mér regluverk samtakanna og séð hvernig komið er fram við börnin, þá myndi ég treysta samtökunum fyrir mínum eigin börnum. Og það gætir þú líka gert. Líka sómalska konan.

Og þar kemur þú inn í myndina. Ekki sem sómölsk einstæð móðir, heldur sem þú. Þú sem lest þessi orð. Þú getur kannski sett þig í spor konunnar en ekki svo auðveldlega tekið börnin hennar að þér og gefið þeim góða æsku – og þó! Er það ekki einmitt það sem styrktarforeldrar gera?

Takk fyrir að hjálpa munaðarlausum og yfirgefnum börnum í gegnum SOS Barnaþorpin.

Ragnar Schram

”

Svo veikistu og getur ekki framfleytt börnunum þínum. Þau fá ekki mat hjá þér og sækja ekki skóla. Heilsa þín fer stöðugt versnandi og þú finnur að dauðinn knýr dyra.



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi

Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram

Ritstjóri: Sunna Stefánsdóttir

Heimilisfang:

SOS Barnaþorpin | Hamraborg 1 | 200 Kópavogi

Sími: 564 2910

sos@sos.is | www.sos.is

Umbrot: Grafiker ehf.

Prentun: Oddi

Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Forsíðumynd: Drengir í SOS Barnaþorpinu í Mthatha í Suður-Afríku.

Ef ljósmyndara er ekki getið er myndin úr myndasafni SOS.



„Líf þeirra hefur ekki verið dans á rósum“

Nandi og Queenie eru tveggja ára tvíburasystur. Þær búa í SOS Barnaþorpinu í Bulawayo í Simbabwe með SOS móður sinni, Joanu Mururi. Joana afsakar útganginn á hári systranna en hún segir það ekki vera nægilega vel fléttað. „Systir þeirra byrjaði að flétta á þeim hárið í morgun en fór svo út að leika án þess að klára fléttur. Stúlkurnar neita að taka þetta úr og finnst þetta greinilega voða fint.“

Á meðan systurnar drullumalla í moldarbedi og segjast vera að baka, útskýrir Joana að það séu nokkrir mánuðir síðan stúlkurnar komu í barnaþorpið. Systurnar

fundust þegar þær voru fimmtán mánaða, yfirgefnar í mjög slæmu ásigkomulagi.

„Þær voru báðar afar vannærðar og kunnu ekki að sitja sjálfar en það eiga fimmtán mánaða börn að geta auðveldlega. Þær lágu bara þarna, hálfsofandi og svöruðu engu áreiti,“ segir Joana.

Þá var Queenie með brunasár um allan líkama. „Hún var með opin brunasár á höfðinu, maganum og handleggnum. Sárin eru nú gróin en hún er með stór ör eftir þau.“

„Þetta er í fyrsta skipti sem Joana elur upp tvíbura og segir það mjög skemmtilegt. „Þegar þessar stúlkur

vilja athygli þá fá þær hana,“ segir Joana hlæjandi. „Þær fá alla þá athygli sem þær vilja. Þær eiga hana skilið.“

Joana hefur starfað sem SOS móðir í tuttugu ár og hefur því mikla reynslu af barnauppleði. Hún segir reynsluna koma sér vel í uppeldi tvíburanna. „Þetta getur verið erfitt. Þær eru tvær og eiga erfða reynslu að baki.“

Hún segir systurnar nú þurfa tíma til að jafna sig. „Líf þeirra hefur ekki verið dans á rósum hingað til en nú mun það breytast. Framvegis munu þær fá mikla ást og umhyggju svo þær þroskist og vaxi.“

Hvað er að fréttast af Simbabve?

Simbabve á landamæri að Suður-Afríku í suðri, Botsvana og Namibíu í vestri, Sambíu í norðri og Mósambík í austri. Landið var áður kallað Suður-Ródesía og síðan aðeins Ródesía frá 1965 til 1980 þegar það var nefnt Simbabve.

Simbabve var eitt sinn fyrirmynd annarra Afríkurríkja í menntamálum. Þúsundum skóla hefur verið lokað síðustu ár vegna efnahagsvandamála í landinu og staðan er því önnur í dag. Hlutfall læsis fer lækkandi með árunum þó svo að það sé enn eitt það hæsta í Afríku. Þó svo að efnahagurinn hafi batnað undanfarið ár búa milljónir manna enn við mikla fátækt. Börnin í Simbabve þjást hve mest, en allt of mörg þeirra alast upp án foreldra. Skuldir landsins eru miklar og atvinnuleysi er hátt. Staðreyndin er sú að meirihluti Simbabvemanna er atvinnulaus. Mikill spekileiki er frá landinu, þ.e. menntað fólk flytur búferlum til annarra landa með sérþekkingu sína.

14% Simbabvemanna hafa greinst með HIV/Alnæmi en það er eitt hæsta hlutfall sem þekktist í heiminum. Börn sem eiga HIV smitaða foreldra eru í miklum áhættuhóp og eiga á hættu á að smitast sjálf og verða munaðarlaus. Á hverjum degi deyja yfir hundrað börn í Simbabve úr sjúkdómum sem auðvelt er að koma í veg fyrir.

Talið er að um 39% landsmanna búi við mikla fátækt en mörg hundruð þúsund manns búa við skort á hreinu vatni og salernisaðstöðu.

Börnin í Simbabve

Erfitt er að framfylgja lögum og reglum sem eiga að stuðla að velferð barna þar sem fjöldi barna á ekki fæðingartorð. Það gerir yfirvöldum erfitt að fylgjast með þeim, sjá til þess að þau gangi í skóla og hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu.

Þrátt fyrir að góðum árangri hafi verið náð þegar kemur að ofbeldi gegn börnum í landinu eru kynferðisafbrot gegn börnum stórt vandamál. Samkvæmt skýrslum lögreglu þrefölduðust slík brot á árunum 2005 til 2007. Ungar stúlkur eru einstaklega varnarlausar gegn kynferðisbrotum í Simbabve þar sem sumir karlmenn trúu því að samfarir við óspjallaða stúlkumuni lækna þá af HIV/Alnæmi. Þá eru barnabréðkaup mjög algeng á ákveðnum svæðum í landinu.

Samkvæmt Unicef eru ein og hálf milljón munaðarlausra barna í Simbabve. Yfir 70% þeirra hafa misst

foreldra sína úr HIV/Alnæmi. Um 80% munaðarlausra barna í landinu fá enga utanaðkomandi aðstoð.

SOS Barnaþorpin hófu störf í Simbabve árið 1983 þegar barnaþorpið í Bindura opnaði dyr sínar fyrir tæplega 200 munaðarlausum og yfirgefnum börnum. Í dag eru þrjú barnaþorp í landinu ásamt þremur ungmennaheimilum, þremur SOS leikskólum, fimm grunnskólum og einum verknámsskóla. Þá er Fjölskylduefning SOS Barnaþorpanna starfandi á nokkrum stöðum í landinu.

Opinbert tungumál: Enska
Höfuðborg: Harare
Forseti: Robert Mugabe
Flatarmál: 390.757 km²
Mannfjöldi: 12.084.304
Gjaldmiðill: Simbabve dollar (Z\$)
Þjóðsöngur: Kalibusiswe Ilizwe leZimbabwe ("Blessað sé land Simbabve")



Ern öll SOS Barnaporp eins?

Starf SOS Barnaporpanna hefur breyst ansi mikið í gegnum árin. Fyrsta SOS Barnaporpið opnaði í Imst í Austurríki árið 1949 en þar fengu börn sem misst höfðu foreldra sína í seinni heimsstyrjöldinni nýtt heimili. Með tíð og tíma fóru SOS einnig að taka að sér yfirgefin börn ásamt þeim sem áttu foreldra á lífi sem ekki gátu sinnt börnum sínum. Þá hófu samtökin rekstur á skólum, leikskólum, verknámskólum, ungmennaheimilum og heilsugæslustöðvum ásamt því að sinna neyðaraðstoð og fjölskyldueflingu. Undanfarið 65 ár hefur starf SOS Barnaporpanna þróast mikið og umfang þess aukist gríðarlega. Starfið er enn þann dag í dag að þróast, til dæmis með tilkomu fjölskyldueflingar.

Barnaporpin eru yfir 500 talsins og eins ólík og þau eru mörg þó svo að algengast sé að þorpin samanstandi af 10-15 húsum sem staðsett eru fyrir utan borgir/bæi ásamt SOS skóla og/eða leikskóla. Flest þorpin í Afríku eru til að mynda þannig uppbyggð. Nýjustu þorpin, og þá sérstaklega í Evrópu, Asíu og Austur-Evrópu eru líklegri til að vera óhefðbundnari í sniðum en SOS Barnaporpin byggja þorpin með þarfir barnanna á tilteknu svæði í huga.

Þrátt fyrir mismunandi byggingarstíl og rekstrarform er markmið barnaporpanna það sama: Að gefa munaðarlausum og yfirgefnum börnum nýtt framtíðarheimili!

SOS Barnaporpið í Bataan á Filippseyjum var opnað árið 2009 og er fyrsta þorpið í landinu sem staðsett er í íbúðahverfi. Um er að ræða sex, tveggja hæða hús, en í þeim búa 96 börn í tólf SOS fjölskyldum. Húsin líta út eins og önnur hús í götunni og engin girðing umlykur SOS húsin. Vegna þess eiga SOS börnin auðvelt með að umgangast börn sem búa í nágrenninu ásamt því að SOS mæður og feður eru í samskiptum við nágretta sína. Þá er ekkert sem gefur til að kynna að um SOS Barnaporp sé að ræða, til dæmis skilti eða merki.



SOS Barnaþorpið í Makeni í Sierra

Leóne er hefðbundið í sniðum. Þar búa 120 börn í 12 SOS fjölskyldum. Hver SOS fjölskylda samanstendur af SOS móður og SOS börnum. SOS leikskóli -og grunnskóli eru einnig staðsettir í þorpinu.



SOS Barnaþorpið í East Tyrol í Austurríki

er næstelsta barnaþorpið en það var byggt árið 1955. Eftir 55 ára notkun var þörf á miklum endurbótum og leituðu samtökin því til byggingafyrirtækis sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Fyrirtækið samþykkti að taka verkefnið að sér og gott betur en það, vildi fjármagna það líka!

Ákveðið var að breyta skipulagi þorpsins og nútímavæða það. Fjölbýlishús var reist en alls búa 57 SOS börn þar. Í húsinu búa einnig almennar barnafjölskyldur. Ungmennaheimili eru staðsett fyrir utan þorpið en þar eiga 15 ungmenni heima.



SOS Barnaþorpið í Rafah (Gaza) í Palestínu

er nokkuð hefðbundið SOS Barnaþorp. Þar búa um 80 börn í 12 SOS fjölskyldum en hver fjölskylda samanstendur af börnum og foreldrum. Í barnaþorpinu er einnig ungmennaheimili ásamt SOS leikskóla- og grunnskóla.



SOS Barnaþorpið í Urgench í Úsbekistan

er strangt til tekið ekki eiginlegt þorp þar sem SOS fjölskyldurnar búa í húsum sem byggð hafa verið innan um önnur hús í venjulegu íbúðahverfi. Form SOS fjölskyldnanna í Urgench er mismunandi. Sumar þeirra samstanda aðeins af SOS móður og SOS börnum á meðan aðrar samstanda af SOS móður, SOS föður, SOS börnum og líffræðilegum börnum SOS foreldranna.



Hvert fóru framlögin?

Árið 2014 nutu þúsundir munaðarlausra og yfirgefina barna í 106 löndum góðs af framlögum íslenskra styrktarforeldra og barnaþorpsvina. Alls námu framlög íslenskra styrktarforeldra og barnaþorpsvina rúmum 272 milljónum en það er 29 milljónum hærri upphæð en við sendum frá okkur árið 2013. Hver einasta króna fór úr landi og nýttist til að bæta líf barna um allan heim.

Auk framlaga frá styrktarforeldrum og barnaþorpsvinum sendu SOS Barnaþorpin á Íslandi 74 milljónir króna í ýmis önnur verkefni á vegum SOS í samstarfslöndum okkar. Stærsta þess háttar verkefni, líkt og síðustu ár, er fjölskylduefning SOS í Gíneu Bissá en það er fjármagnað að fullu af skjólvinum og stjórnvöldum á Íslandi. Önnur helstu verkefni á árinu 2014 voru neyðaraðstoð í Vestur-Afríku vegna ebólufaraldursins, neyðaraðstoð í Sýrlandi og á Gaza ásamt því að SOS Barnaþorp í Níger og Tógó voru sólarorkuvædd.

Hér á opnunni má sjá upplýsingar um framlög til þeirra landa sem fengu meira en eina og hálf milljón frá íslenskum styrktarforeldrum og barnaþorpsvinum. Listann í heild sinni má sjá á heimasíðu SOS Barnaþorpanna á Íslandi, **www.sos.is**



1	Indland	34.606.000	11	Bólvía.....	4.819.450	21	Srí Lanka	3.854.250
2	Sambía	9.632.450	12	Tansanía	4.737.608	22	Kína.....	3.757.500
3	Eþíópía	8.555.500	13	Taíland.....	4.519.300	23	Senegal	3.525.100
4	Kenía.....	7.781.700	14	Mexíkó.....	4.327.325	24	Malí.....	3.491.000
5	Nepal.....	7.381.100	15	Úganda.....	4.146.250	25	Indónesía.....	3.462.100
6	Botsvana.....	5.756.450	16	Chile.....	4.119.750	26	Lýðveldið Kongó.....	3.365.500
7	Perú.....	5.733.500	17	Rúanda.....	4.096.650	27	Búrúndí.....	3.334.000
8	Gana.....	5.397.400	18	Filippseyjar	4.075.820	28	Suður-Afríka	3.321.750
9	Malaví.....	5.268.050	19	Simbabve	3.923.431	29	Gambía.....	3.321.750
10	Bangladess.....	4.828.634	20	Kambódía	3.877.750	30	Víetnam	3.160.050



31 Benín.....	3.013.550	41 Venesúela.....	2.385.750	51 Paragvæ.....	1.868.500
32 Hondúras.....	2.970.750	42 Gvatemala.....	2.352.200	52 Búrkína Fasó.....	1.854.750
33 Gínea-Bissá.....	2.795.750	43 Palestína.....	2.311.000	53 Rúmenía.....	1.743.500
34 Brasilía.....	2.761.200	44 Ekvador.....	2.272.000	54 Haítí.....	1.712.000
35 Nígería.....	2.696.000	45 Níkaragva.....	2.225.250	55 Kostaríka.....	1.682.500
36 Marokkó.....	2.675.050	46 Síerra Leóne.....	2.096.750	56 Dóminíska lýðveldið	1.682.350
37 Laos.....	2.562.000	47 El Salvador.....	2.070.500	57 Túnis.....	1.678.500
38 Fílabeinsströndin.....	2.489.875	48 Kólumbía.....	2.012.000	58 Bosnía og Hersegóvína.	1.598.750
39 Mósambík.....	2.422.700	49 Króatía.....	2.000.500		
40 Rússland.....	2.442.250	50 Tsjad.....	1.904.000		

Samtals 272.224.572



Heimsókn í SOS Barnaþorp í Níkaragva

Í febrúar síðastliðnum fóru þrjár kaffikerlingar til Níkaragva. Tilgangur ferðarinnar var að heimsækja kaffibændur, skoða uppskeruna og smakka kaffi.

Kerlingarnar voru Aðalheiður forstjóri Kaffitárs, Guðdís verslunarstjóri og Anna Þóra kaffikerling í Gamla Rífi á Rífi.

Ég skipulagði ferðina og sagði samferðakönnum mínum frá því þegar við vorum komnar til Managua höfuðborgar Níkaragva að til stæði að fara í heimsókn í SOS Barnaþorp í Managua en þar býr drengur að nafni Pablo Antonio Cajina sem ég hef styrkt í mörg ár.

Anna Þóra segir þá að hún sé með pakka til Marlene Cortedano Rodriguez sem býr einnig í SOS

Barnaþorpi, en það þorp sé staðsett í Rivas, og pakkinn væri frá Betu og Balda styrktarforeldrum Magdalenu á Rífi. Höfðu þau beðið Önnu Þóru um að pósthleggja pakkann. Skemmtileg tilviljun. Við vissum ekki hvar Rivas var og því var "gúgglað" og bærinn fundinn. Fannst okkur tilvalið að afhenda pakkann í eigin persónu næsta laugardag því þá voru engar kaffitengdar ferðir.

Fljótlega kom í ljós að Rivas var í tveggja stunda fjarlægð frá Managua. Ég sendi póst til Önu Victoríu sem er aðalstýran hjá SOS Barnaþorpinum í Níkaragva en ég var búin að vera

í samskiptum við hana vegna heimsóknar til Pablos. Ana sagði að það væri sjáfsagt að heimsækja

Marlene og spurði hvort okkur vantaði túlk. Jú, það var þegið með þökkum.

Við fengum bílinn (ásamt bílstjóranum Silvio) hans Ricardo kaffibónða lánaðan og héldum af stað snemma á laugardagsmorgni. Við komuna til Rivas kom í ljós að ekkert götuheiti var á pakknum en það kom ekki að sök því Silvio spurði bara mann

á götuhorni hvar SOS Barnaþorpið væri. Ekki leið á löngu þar til við komum að fallettri húsaþyrpingu sem

”

Ekki leið á löngu þar til við komum að fallettri húsaþyrpingu sem var innan girðingar



Pablo, Aðalheiður, Karen og Elieth, mamma systkinanna.

var skóladót og myndaalbúm með nokkrum myndum frá Íslandi og íslensku fjölskyldunni.

Eftir dagott spjall með aðstoð ungu túlkanna voru teknar myndir og mikið var knúsað og kysst. Við stoppuðum ekki lengi en mikið var þetta skemmtileg heimsókn og ég er viss um að Marlene hafi haft gaman að fá okkur í heimsókn þó við værum ekki styrktarforeldrar hennar.

Nokkrum dögum síðar fórum við í heimsókn í barnaþorpið sem er inni í Managúaborg en þar býr strákurinn minn hann Pablo. Við áttum að koma eftir kl. 16 því þá væri Pablo kominn heim úr skólanum. SOS byggðin í Managúa var einnig innan girðingar og mörg hús í þyrpingu með leiksvæði í miðjunni.

Aftur keyrði Silvío okkur en nú kom Karla konan hans Ricardo með sem túlkur en hana langaði líka að sjá barnaþorp þar sem hún hafi ekki komið í þorpið en hefur stutt við starf SOS í gengum félagasamtök sem hún er í.

Við hittum Önu Victoriu stýru ásamt félagsráðgjafa þorpsins sem sögðu okkur sögu Pablos. Hann hafði komið til SOS með systur

sinni fyrir mörgum árum. Móðir þeirra hafði ekki getað séð fyrir þeim og enginn var pabbinn.

Pablo er einstaklega brosmildur drengur, hann söng og dansaði fyrir okkur. Honum þykir mest gaman að spila fótbolta við vini sína og uppáhaldsliðið hans er Real Madrid og auðvitað er það Ronaldo sem er aðalmaðurinn.

Pablo hefur ekki gengið vel í skóla og er hann aðeins á eftir jafnöldrum sínum. Í vetur var honum komið í sérskóla sem er aðeins lengra frá þorpinu en gamli skólinn hans. Móðir hans í þorpinu segir að honum líði mun betur í þessum skóla því þar fái hann kennslu við hæfi.



Þorpið í Managúa er fallegt og húsin einstaklega snyrtileg.

En vegna þess að hann er lengur að komast heim að skóladegi loknum missir hann af fótboltaæfingu. En það stendur til bóta því búið er að finna lið sem hann getur æft með.

Pablo sýndi mér herbergið sitt þar sem allt var í röð og reglu, skóm og fötum vel raðað í skúffur og skápa. Hann sýndi mér einnig hvar hann þvær skólabúninginn sinn eftir að hann kemur heim. Eldhúsið þar sem matsæðilinn er uppi á vegg en öll börnin á heimilinu koma að gerð hans. Þau aðstoða við eldamenskuna, leggja á borð og ganga frá.



Nokkrum dögum síðar fórum við í heimsókn í barnaþorpið sem er inni í Managúaborg en þar býr strákurinn minn hann Pablo



Karla sýnir Pablo skóladótið frá Íslandi

var innan girðingar.

Við spurðum eftir Magdalenu og var okkur vísað á húsið þar sem hún býr ásamt sex systkinum sínum. Þar var einnig samankominn hópur af krökkum úr nærliggjandi skóla sem eru í enskunámi. Þau voru fengin til að túlka fyrir okkur. Þau töluðu hvert í kapp við annað, spennat að sýna okkur hvað þau voru flink.

Þetta var hinn skemmtilegasti hópur. Allir svo glaðir að sjá okkur og við svo glaðar að sjá þorpið og Marlene.

Marlene er ellefu ára brosmild stúlka. Hún var feimin við þessar kerlingar sem töluðu íslensku og ensku í bland. Anna Þóra færði henni pakkann og sagði henni frá Betu og Balda á Íslandi. Í pakknum



Þegar við komum í heimsókn voru öll börnin að horfa á sjónvarpið og urðu feimin við kerlingainnreiðina. Systur Pablos, henni Karen, gengur mjög vel í skólanum og hefur fengið viðurkenningar fyrir námsárangur. Hún passar vel upp á litla bróðir sinn og eru þau systkinin afar nán. Karen hefur ekki styrktarforeldra en hún virtist vera glöð yfir athyglinni sem bróðir hennar fékk þennan eftirmiðdag.

Eftir góða stund í barnaþorpinu var komið að kveðjustund. Allir voru kysstir og knúsaðir og ég hét því að koma aftur að heimsækja Pablo næst þegar ég kem til Níkaragva.

Og nú ætla ég að gera eins og Beta á Rífi. Senda myndaalbúm með myndum af okkur fjölskyldunni og kannski fær fótbolti og Ronaldo

fótboltatreiða að fljóta með.

Ulla Magnússon, stjórnarformaður SOS hér heima hvatti mig til að heimsækja Pablo því það skiptir börnin í þorpunum miklu máli að við styrktarforeldrarnir séum sýnileg. Hvort sem það er í gegnum bréfaskriftir, jólakort eða heimsókn. Ég hafði verið feimin við að fara í

heimsókn og fannst bara best að senda mína mánaðarlega greiðslu og láta þar við sitja. En heimsóknirnar til Pablos og Marlene breyttu viðhorfi mínu og frábært var að sjá hve vel er hlúð að börnunum. Ég hlakka til næstu heimsóknar.

Aðalheiður



Guðdís, Anna Þóra, Marlene og Aðalheiður



Aðal konurnar í lífi Pablos. Félagráðgjafinn sem kom honum í sérskóla, Elieth (mamma hans) og Ana yfirstýra SOS í Níkaragva

Tók börnin með í vinnuna

Frá vinstri: Christian, móðir Williams, Raúl og William.

Fyrir fjórtán árum skildi William við eiginkonu sína. Hún tók syni þeirra tvo og flutti burt án Williams sem eyddi tveimur árum í að leita að drengjunum, Raúl og Christian, og tókst það að lokum. Fyrirverandi eiginkona Williams var ekki hæf til að sinna drengjunum sem voru tveggja og fjögurra ára og óskaði William því eftir að fá forræði yfir þeim. William fékk fullt forræði og flutti með drengina til borgarinnar Potosí.

William komst fljótt að því að ekki er auðvelt að vera einstæður faðir í Bólivíu. „Ég reyndi að fá leigða íbúð án árangurs. Ég var sífellt spurður að því af hverju ég ætti ekki konu og sagt að ég þyrfti slíka til að fá leigða íbúð.“

Íhaldssama samfélagið var ekki eina vandamálið, heldur var litla fjölskyldan að flytja í nýja borg eigandi litla sem enga peninga. „Ég var með poka af fötum og nokkur teppi. Ég var mjög fátækur.“

William fékk fljótlega vinnu við smíðar en vissi ekki hvað hann ætti að gera við drengina á meðan. Eini möguleikinn var að taka þá með í vinnuna, sem hann og gerði. Drengjunum leið þó ekki vel á vinnustaðnum þar sem loftið var mjög óhreint og þeir önduðu að sér ryki allan daginn.

Þegar William loksins fékk leigða íbúð brá hann á það ráð að skilja drengina eftir í læstri íbúðinni á daginn og koma í hádegis- og kaffihléum til að gefa þeim að borða. „Við áttum ekki einu sinni leirtau eða hnífapör. Þarna sátum við á gólfinu og borðuðum með höndunum og drukkum úr plastglösum,“ segir William.

William hafði heyrt um SOS Barnaþorpin en hélt að þau kæmu einungis munaðarlausum börnum til aðstoðar. Einn daginn lét nágrenni Williams hann vita af SOS samfélagsmiðstöð sem staðsett var í nágrenninu. Einnig vissi hann af SOS

leikskóla þar sem börnin gætu verið á daginn.

„Þetta var frábært. Strákarnir fengu að borða morgunmat, hádegismat og í kaffitímanum,“ segir William sem er 54 ára í dag. „Og þeir fengu að umgangast önnur börn sem gerði þeim rosalega gott.“

Feðgunum líður vel í dag. Móðir Williams flutti til Potosí og býr með feðgunum. Raúl er orðinn 17 ára og Christian 15 ára en báðir eru þeir í skóla. Þá hafa feðgarnir mætt á mörg námskeið hjá SOS sem hjálpa þeim mikið í dagsins amstri. En hvernig sér William ellina fyrir sér? „Ég ætla að hafa það gott. Strákarnir flytja að heiman á næstu árum og það verður mikil breyting. Kannski ég fari bara á stefnumót,“ segir hann og hlær.

Skjólvinir gera okkur kleift að segja svona sögur!

Erfitt ástand



Í Úkraínu

„Fólk vill bara frið. Börnin biðja ekki um nammi eða leikföng, þau biðja um frið.“ - Svetlana, starfsmaður Fjölskylduefingar SOS Barnaþorpanna í Lugansk í Úkraínu.

Átök hafa staðið yfir í Úkraínu undanfarið ár á milli úkraínskra hermanna og rússneskra aðskilnaðarsinna. Rússar innlimuðu Krimskaga í umdeildum kosningum og mikil spenna er við landamæri Rússlands og Úkraínu þar sem þrýst er á sameiningu annarra héraða við Rússland.

Nú eru uppi vonir um frið til lengri tíma en vopnahlé hófst um miðjan febrúar. Bæði stjórnvöld í Úkraínu og aðskilnaðarsinnar í austurluta landsins hafa samþykkt að flytja þungavopn sín frá víglínunni í samræmi við vopnahléið sem er í gildi. Staðreyndin er þó sú að átökin hafa haft gríðarleg áhrif á landsmenn og ekki er vitað hversu lengi friðurinn stendur yfir.

Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna sem gefin var út í febrúar kemur fram að 5.486 manns hafa týnt lífi í átökum í austur Úkraínu síðan í apríl á síðasta ári. Jafnframt hafa 12.972 særst, en 5,2 milljónir manna búa á átaka-svæðunum. 978.482 hafa þurft að flýja heimili sín, þar af 119.832 börn.

Fjölskylduefing SOS Barnaþorpanna hóf störf í Úkraínu árið 2003 með því markmiði að aðstoða fátækar barnafjölskyldur. Vegna mikillar neyðar voru tvö barnaþorp opnuð í landinu árið 2009 og 2012. Síðasta árið hafa samtökin einnig sinnt þar neyðaraðstoð.

„Ástandið í Lugansk er frekar rólegt þessa dagana, í það minnsta engir skotbardagar þó svo að skothljóðin heyrast úr fjarlægð,“ segir Lyudmila, forstöðukona SOS Barnaþorpsins í Lugansk í Úkraínu. „Við reynum að vera jákvæð. Við erum ánægð með að þeir séu hættir að skjóta en á sama tíma erum við áhyggjufull yfir því að vopnahléið verði rofið fljótlega.“

Hún segir litla breytingu hafa orðið á lífi almennings í Lugansk þrátt fyrir vopnahlé. „Fólk á ekki pening og það er engin leið burt frá Úkraínu, nema



Drengur sem fær aðstoð hjá Fjölskylduefingu SOS í Lugansk.

í gegnum Rússland. Enginn veit hvenær vegir verða opnaðir á ný eða hvenær bótapegar fá bæturnar sínar. Þá er maturinn dýr og fólk hefur lítið á milli handanna. Möguleikarnir eru litlir og fólk gerir sér grein fyrir því að líf þess verður aldrei samt.“ Hún segir fólk almennt vera uppgefið. „Þegar maður er þreyttur er best að hvíla sig og halda svo áfram. En þegar maður er svona langþreyttur og uppgefinn finnst manni lítið hægt að gera.“

Þegar ástandið var sem verst var lítið um mat og aðrar nauðsynjar í verslunum og verðið hækkaði mikið á stuttum tíma. „Hættan á að fólk hreinlega verði uppiskroppa með peninga er mikil. En einhvern veginn


tekst fólk að lifa af. Ættingjar sem ekki búa í borginni eru duglegir að senda peninga, en það verður þó alltaf flóknara að senda peninga á milli landshluta,“ segir Lyudmila sem augljóslega er áhyggjufull.

Almenningur í Lugansk er þakklátur fyrir störf SOS Barnaþorpanna á svæðinu að sögn Lyudmilu. „Fólk vonast til að hafa SOS hér sem lengst,“ segir Lyudmila. Ásamt því að sinna neyðaraðstoð hafa SOS Barnaþorpin einnig tekið að sér munaðarlaus og yfirgefin börn í landinu og gefið þeim nýtt heimili í SOS Barnaþorpum.

Úr ársreikningi SOS Barnaþorpanna 2014*


Hvaðan komu framlögin?

- Föst mánaðarleg framlög styrktarforeldra
- Ýmis framlög
- Opinber framlög
- Annað



Í hvað fóru framlögin?

- Til barnaþorpanna og í önnur verkefni SOS Barnaþorpanna
- Fjáröflun og kynningarmál
- Skrifstofu og stjórnunarkostnaður



Árið 2014 námu framlög til SOS Barnaþorpanna á Íslandi um 413 milljónum króna. Á bls. 8-9 í þessu blaði má sjá til hvaða landa framlögin fóru. Hægt er að skoða ársreikning samtakanna á www.sos.is.

*Óendurskoðaðar tölur